

Innra mats skýrsla

Innra mat

Leikskólinn Álfheimar

30. Júní 2025

Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri

Ólafía Ingvarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Inngangur	3
Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats	3
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll	4
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	4
Niðurstaða	4
Viðhorf foreldra	5
Faglegt samstarf	6
Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs	6
Faglegt samstarf	6
Viðhorf foreldra	9
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	12

Inngangur

Markmið gæðaráðs leikskólans Álfheima er að skólinn bæti stöðu sína kerfisbundið frá ári til árs. Mikilvægast er að matið á því hvort að viðmið og vísbendingar séu til staðar leiði til umbóta.

Á skólaárinu sem er að líða var starfrækt mjög virkt matsteymi sem tók gæðamálin í sínar hendur og fundaði reglulega í vetur á skipulags og vinnufundum.

Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Við erum spennt að takast á við umbæturnar á næsta skólaári og að vinna að bættum gæðaprófil skólans.

Í matsteymi skólans sátu, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, tveir leikskólakennarar og leiðbeinandi við skólann. Erfiðlega gekk að fá foreldra með í ráðið og ekki náðist að funda með foreldri.

Fundaáætlun/starfsáætlun um innra mat

Leikskólarnir settu sér sameiginleg langtíamarkið þar sem ákveðið var hvaða þætti í Gæðaviðmiðum Árborgar ætti að meta hvert ár þar til að innleiðing viðmiðanna er lokið. Matsteymi Álfheima fékk það verkefni upp í hendurnar að ákveða hvaða leið ætti að fara til þess að meta þessa þætti í Gæðaviðmiðunum. Matsteymið fundaði í þrjátíu mínútur í senn alla miðvikudaga og fimmtudaga skólaárið 2024-2025. Passað var uppá að fundir féllu ekki niður þó að meðlimi teymisins vantaði.

Markmið teymisins fyrir skólaárið 2024-2025 var að meta þrjá þætti í Gæðaviðmiðum Árborgar, þeir þættir voru *Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna, Viðhorf foreldra og Faglegt samstarf*. Matsteymið nýtti sér niðurstöður foreldrakönnunar sem send var út í febrúar 2025 til þess að fylla út í Gæðaviðmið Menntastefnu Árborgar varðandi *Viðhorf foreldra*. Til þess að meta Leikinn og daglega samstarfið útbjó matsteymið spurningalista sem að lagður var fyrir starfsmenn allra 5 deilda leikskólans á skipulagsdegi skólans þann 23.maí 2025. Matsteymið fundaði og tók saman helstu niðurstöður þessa kannanna og tækifæri til úrbóta.

Niðurstöður mats

Í niðurstöðu hvers kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig gengið hefur að ná þeim fram.

Gögn - niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar. Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræddar verða niðurstöður og bornar saman við viðmiðin.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi** en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Heildarniðurstaða er skjáskot af skóla/gæðaprófíl við lok skólaársins.

Gæðaviðmið leikskóli

Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat	Sveitarfélagið
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðastæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólasterfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni	Stjórnun
Stjórnun og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð	Uppeldis og menntastarf
Faglegt samstarf	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur	Leikskólabragur
Leikskólabróun og símenntun	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks			Foreldrasamstarf
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja			Innra mat
	Mat á námi og velferð barna				

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Gögn sem nýtt voru til að meta Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna voru: Spurningalisti til starfsfólks sem deildar rýndu í á skipulagsdegi.

Niðurstaða

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um viðhorf foreldra var foreldrakönnun sem send var til allra foreldra í febrúar 2025.

Niðurstaða -Helstu niðurstöður voru að sjö þættir af fjórtán bera skýr merki um að lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna sé í fyrirrúmi í leikskólanum. Eftirfarandi fimm þættir, leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma, fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna, jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildinni, leitast er eftir að taka þátt í samfélagsverkefnum, börn hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Þessir þættir teljast ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar

og gott verklag sem má bæta. Þátturinn börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi teljast gulir og þörf er á umbótum.

Stjórnun og daglegur rekstur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Helstu umbætur næsta árs:

- Endurskoða skólastefnu
- Skipuleggja faglega samstarfsfundi.
- Efla tengsl við foreldra - samstarfsverkefni.
- Endurskoða verklag við gerð áætlana.

Viðhorf foreldra

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um viðhorf foreldra var foreldrakönnun sem send var til allra foreldra í febrúar 2025.

Niðurstaða -Helstu niðurstöður voru að fjórir þættir af tíu bera skýr merki um jákvætt viðhorf foreldra til leikskólans. Eftirfarandi fimm þættir; að unnið sé markviss með stefnu skólans, komið til móts við þarfir og réttindi barna, samskipti og viðmót starfsfólks og að foreldrar upplifi sig velkomna í leikskólans. Þessir þættir teljast ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og gott verklag sem má bæta. Þættirnir Ummæli um leikskólann og frammistöðu hans, aðbúnaður barna, upplýsingagjöf til foreldra teljast gulir og þörf er á umbótum.

Foreldrasamstarf
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Viðhorf foreldra

Helstu umbætur næsta árs:

- Að efla samskipti við foreldra með markvissum fréttabréfum þeim til upplýsinga
- Að upplýsa Sveitarfélagið um stöðu húsnæðis skólans

Faglegt samstarf

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um viðhorf foreldra voru skólanámskrá, heimasíða leikskólans, vettvangsathugun, gögn leikskólans og deildarfundir.

Niðurstaða -Helstu niðurstöður voru að fjórir þættir af tólf bera skýr merki um faglegt samstarf innan leikskólans. Eftirfarandi sex þættir; lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum, samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmi trausti aðila, nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks, samráð milli leikskólans og grunnskólans í hverfinu um skipulagsdaga, virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélagi og litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila. Þessir þættir teljast ljósgrænir þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar og gott verklag sem má bæta. Þættirnir stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans er gulur og þátturinn í stefnu leikskólans kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu er rauður og þarfnast þessir þættir tafarlausra umbóta.

Stjórnun og daglegur rekstur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
Stjórnun og daglegur rekstur
Faglegt samstarf
Leikskólaþróun og símenntun
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Helstu umbætur næsta árs:

- Endurskoða lýðræði í skólanámskrá og hvernig unnið er með það í leikskólanum.
- Gefa starfsfólki rými fyrir endurmenntun og möguleika á að sækja námskeið með því að upplýsa starfsfólk hvar slíkt er að finna.

Umbótaáætlun/aðgerðaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli og **þá er miðað við að allir þættir sem ekki ná mjög góðu verklagi** fara í umbótaferli. Umbætur geta varað í nokkra mánuði og allt upp í tvö, jafnvel þrjú ár. Mikilvægt er að umbótum séu sett viðmið um árangur, ábyrgðaraðila og aðgerðatímabilið sé skilgreint.

Faglegt samstarf

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur

Í stefnu leikskólans kemur fram að lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskóla starfinu.	Endurskoðaða skólanámskrá og hvernig lýðræði birtist í henni. Hvernig ætlar skólinn að vinna með lýðræði.	Stjórnendateymi	Haut 2025	Haut 2026	Með spurninga listum til starfsfólks og ígrundunar á deildarfundum.	Hvernig birtist lýðræði í dagsskipulagi deilda og hvernig gekk að innleiða það í skólanámskrá
Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum.	Endurskoðaða skólanámskrá og hvernig lýðræði birtist í henni. Hvernig ætlar skólinn að vinna með lýðræði.	Stjórnendateymi	Vor 2025	Haut 2026	Með spurninga listum til starfsfólks og ígrundunar á deildarfundum.	Hvernig birtist lýðræði í dagsskipulagi deilda og hvernig gekk að innleiða það í skólanámskrá
Samstarf einkenni stöð af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.	Stjórnendur skólans taki sameiginlega ábyrgð á skipulagningu leikskóla starfsins.	Stjórnendateymi	Haut 2024	Haut 2025	Sameiginlegir morgunfundir þar sem stjórnendur hugsa saman í lausnum að skipulagi dagsins.	Valdefling stjórnendateymis og breyttri orðræðu varðandi ábyrgð hvers og eins.
Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til	Kynna fyrir nýju starfsfólk í hvarfinna megi fundarg	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólustjóri.	Haut 2024	Haut 2026	Allir látnir kvitta undir eftirlestur fundargerða.	Að allir lesi fundargerðir og leiti sér að upplýsingum

starfsfólks.	erðir teyma.					
Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga.	Samræma má skóladag atöl allra skólastiga.	Forstöðumenn sveitarfélagsins	Hau st 2025	Haust 2026	Skipulagsdagarsamrýndir eins og hægt er.	Skipulagsdagarsamrýndir eins og hægt er.
Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu (s.s. heilsugæslu, listamen og dvalar- og hjúkrunarheimili).	Kynna grenndarsamfélagið fyrir fleiri árgöngum innan leikskólans.	Deildarstjórnar	Hau st 2025	Haust 2025	Með ferðum í nærumhverfi skólans með yngri börnin	Hvort náðst hefur að kynna yngri börnin fyrir nærumhverfi sínu.
Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans.	Deila áhugaverðum námskeiðismögu leikum með öllu starfsfólki.	Stjórnendateymi	Hau st 2025	Haust 2026	Stjórnendur halda utanum fjarveru starfsfólks vegna endurnenntunar	Er aukning á námskeiðssókn?

Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila.	Þjóðaforeldra oftastar velkomna til þátttöku í verkefnum en ekki eingöngu í heimsókn.	Deildarstjórn	Háust 2025	Háust 2026	Með áhuga foreldra á þátttöku í verkefnum innan skólans	Auka verkefni sem þjóðauppá aðkomu foreldra, eins og skiptifata markaður og fjölmennir ngardagar.
---	---	---------------	------------	------------	---	---

Viðhorf foreldra

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Foreldrar eru jákvæðir í ummæli um sínum um leikskólann og frammistöðu hans.	Auka jákvæð samskipti við foreldra leikskólans og kynna fyrir þeim starf skólans með því að bjóða þau velkomið á viðburði.	Allt starfsfólk skólans	Háust 2025	Háust 2026	Foreldrakönnun	Aukin aðsókn í skólann og aukinn ánægja foreldra
Foreldrar upplifa að markviss sé unnið að stefnu og	Senda mánaðarleg fréttabréf til allra foreldra.	Allt starfsfólk skólans	Háust 2025	Háust 2026	Foreldrakönnun	Ummæli og viðbrögð við fréttabréfum og orðsæni

markmið um leikskólans.						dingum á töflum deildanna.
Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns.	Kynna fyrir þeim hvaða úrræði til staðar fyrir þau í foreldravíðtölum og hvetja þau til að setja sig í samband við deildarstjóra eða sérkennslustjóra	Deildarstjórar	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Þjóðauppá samtöl við foreldra og kanna þarfir og líðan barna þeirra.
Aðbúnaður barnanna er góður að mati foreldra.	Endurbæta slitið húsnæði skólans.	Sveitarfélagið Árborg	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Fá aukið fjármagn til viðgerða og endurbóta varðandi húsnæði skólans.
Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót	Hvetja alla starfsmenn til að taka virkann þátt í að	Allt starfsfólk	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Metið á deildarfundum upplifun starfsmanna á samski

starfsfólk s.	eiga samskipi við foreldra, fréttabréf og tölvupósttar.					ptum sínum við foreldra.
Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólanum.	Bjóða uppá viðburði þar sem foreldrar taka þátt í starfinu.	Stjórnendateymi leikskólans	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Rýna í þátttöku og skráningu foreldra á viðburði.
Spurning um foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.	Fræða starfsfólk um mikilvægi góðra foreldrasamskipta	Deildarstjórnar	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Rætt um mikilvægi góðra samskipta á deildarfundum
Foreldrar eru ánægðir með upplýsinngagjöf frá leikskólanum.	Fréttabréf deilda send einu sinni í mánuði, markvissari og hnitmiðaðri tölvupóstar frá stjórnendum	Stjórnendateymi	Haust 2025	Haust 2026	Foreldrakönnun	Athuga viðbrögð foreldra í foreldraviðtölum við fréttabréfum.

Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Heftst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.	Virka starfsfólk og hvetja til að nýta sér Friðland og styrkja starfið sem á sér stað þar.	Deild astjórar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Metið með aðsókn deilda og nýtingu svæðisins.	Að öll börn á þrem elstu deildum fari 1-2 í viku í Friðland og fái þar stuðning til að útfæra hugmyndir sínar.
Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi.	Börn á þrem elstu deildum kynnist broskallamati og geti komið líðan sinni á framfæri í öllum athöfnum dagsins.	Deild arstjórar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Deild arstjórar meta sem starfsfólki sínu á deildarfundum hvernig gekk að innleiði broskallamat	Eldri þrjár deildar innleiði matið.

Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna.	Börn taki virkann þátt í að ákveða verkefni deildanna	Deildarstjórar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Metið sem spurningalista sem starfsfólk svara á deildarfundum	Skógarfundir og samverur nýttar í samtali um viðfangsefni deilda og að kennarar elti áhuga barnanna
Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum.	Deildarstjórar séu meðvitaðir um hópastærðir og samsetningu hópa þar sem allir ná að blómstra.	Deildarstjórar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Starfsfólk deildanna rýni í samsætningu hópa og meti það reglulega hvort þurfi að breyta til.	Broskalamat barna og upplifum kennara. Tengsla kannanir milli starfsfólka og barna.
Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.	Efla grænfánastarf leikskólans. Að allt starf litist af vinnu til að viðhalda gildum grænfánans.	Deildarstjórar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Grænfánaskýrsla um verkefni sem unnið hafa verið í leiks	Fjöldi verkefna og áhuga barnanna á umhverfismennt

					kóla num.	
Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik.	Efniviður aðengilegur og frjáls leikur megin leið í kennslu leikskólans	Deild arstjó rar	H a u st 2 0 2 5	H a u s t 2 0 2 6	Hvor t efnivi ður sé aðge ngile gur börn unu m	Börnin eru sjálfbjar ga um val á efniviði